

Launaútreikningur – upplýsingar um Þorgerði og Þorlák, vinnublað

1. Þorgerður var að byrja að vinna hjá Bílaviðgerðum sf. Njáll er eigandi fyrirtækisins og hefur starfað einn um áratugabil. Nú þarf Njáll að fara að reikna út laun Þorgerðar. Hjálpaðu honum að útbúa launaseðil. Notaðu auðan launaseðil og fylltu inn. Kjörið er að vinna þetta verkefni í töflureikni (excel).

- Þorgerður er með **365.000 kr.** í mánaðarlaun og með 18 yfirvinnutíma í mánuðinum.
- Yfirvinnukaup er yfirleitt 1% af heildarlaunum. Hún er með 3.650 kr. í yfirvinnukaup á tímann.
- Reiknað er **10,17%** í orlof af mánaðarlaunum með yfirvinnu.
- Lífeyrissjóður er 4% af heildarlaunum.
- Stéttarfélagsgjald er **1%** af heildarlaunum.
- Til að reikna út skattinn þarf fyrst að draga lífeyrissjóðinn af heildarlaunum og síðan taka **31,45%** af upphæð launanna að kr. 349.018 (þrep1) og **37,95%** af uphæðinni sem er umfram það (þrep2).
- Persónuafslátturinn er **50.792 kr.** og dregst frá.
- Síðan er lífeyrissjóður, stéttarfélagsgjald og skatturinn lagður saman.
- Þá er sú upphæð dregin frá heildarlaunum og útkoman er útborguð laun.

2. Þorlákur er með 373.000 kr. í mánaðarlaun þar sem hann vinnur. Yfirvinnukaupið hans er 1% af heildarlaunum. Reiknaðu út hvað hann fær útborgað og notaðu auðan launaseðil. Nýttu sömu upplýsingar sem gefnar eru hér að ofan fyrir Þorgerði.

Skattþrepin eru þrjú:

- **1. þrep:** laun frá 0 - 370.482 kr. á mánuði, skattur 31,45%.
- **2. þrep:** laun á bilinu 370.482 – 1.040.106 kr. á mánuði, skattur 37,95%.
- **3. þrep:** laun sem eru 1.040.106 kr. eða meira á mánuði, skattur 46,25%.

Árið 2022 er persónuafslátturinn 53.916 kr. á mánuði, eða 646.992 kr. yfir árið